

**Nd. 71. Frumvarp til hafnarlaga**

fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Flutningsm.: Garðar Þorsteinsson.

**1. gr.**

Til hafnarumbóta á Siglufjarðarhöfn veitist úr rikissjóði allt að 50 þús. krónur árlega næstu 4 ár, gegn tvöföldu tillagi úr hafnarsjóði Siglufjarðar. Fé þetta greiðist bæjarstjórn Siglufjarðar hlutfallslega við framlag hafnarsjóðs til fyrirtækisins.

**2. gr.**

Fjármálaráðherra heimilast að ábyrgjast fyrir rikissjóð allt að 400000 kr. lán, er Siglufjarðarkaupstaður kann að fá til hafnarumbóta á Siglufjarðarhöfn.

**3. gr.**

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og að leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðar. Nú vill annarhvor aðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðar. Kirkjujarðasjóði ber ekki endurgjald fyrir þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem ræðir um í grein þessari.

**4. gr.**

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú

eru, og ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema bæjarstjórnin veiti eða hafi veitt samþykki sitt til. Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins. Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn þessari grein verða sektum, frá 10–200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema hurt mannvirkið á kostnað eiganda. Nú hefir bryggja eða annað mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

#### 5. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

#### 6. gr.

Hafnarnefndin hefir á hendi framkvæmdir hafnarmála og eftirlit með höfninni. Hafnarnefndina skipa 3 menn, kosnir innan bæjarstjórnar á sama hátt og aðrar nefndir bæjarstjórnar, og 2 menn utan bæjarstjórnar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna eða útgerðarmanna. Enginn getur skorazt undan endurkosningu í hafnarnefnd fyrr en hann hefir setið 6 ár samfleytt í nefndinni. Nefndin sér um viðhald og umbætur á bryggjum og mannvirkjum hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningskil.

#### 7. gr.

Eigum og tekjum hafnarsjóðs má án samþykkis stjórnarráðsins aðeins verja í þarfir hafnarinnar.

#### 8. gr.

Bæjarstjórn skipar starfsmenn hafnarinnar, eftir tillögu hafnarnefndar, um skemmri eða lengri tíma.

#### 9. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins selja eða veðsetja eignir hafnarsjóðs, kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

#### 10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Siglufjarðar, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerð, og farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald.

Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.

4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur við höfnina.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn Siglufjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir. Herskip og skemmtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi. Þangað til öðruvisi kann að verða ákveðið með almennum lögum, skal bæjarstjórn Siglufjarðar heimilt að ákveða hækkun á núverandi vörugjaldi um allt að 100% og jafnframt að sú hækkun gangi til nauðsynlegra útgjalda bæjarsjóðs. Þó er bæjarstjórn heimilt að undanskilja sérstakar vörur frá hækkuninni, enda séu almennar neytluvörur ávallt undanskildar hækkun. Öll gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki. Hafnargjöld, vitagjöld, bryggjugjöld og festargjöld hvíla sem lögveð á skipi á undan öllum veðsetningum. Hinar aðfluttu vörur eru að veði fyrir vörugjaldinu næst eftir vörutolli.

#### 11. gr.

Nú befir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu tillögur um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en fjárhagsáætlun hafnarsjóðs er samín.

#### 12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndarinnar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að vikja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

#### 13. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok marzmanaðar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs á hinu liðna ári og efnahagsreikning hans. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana. Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni, skal síðan senda stjórnarráðinu.

#### 14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, 10—500 kr. Sektir samkvæmt lögum þessum og hafnarreglugerðum renna í hafnarsjóð.

#### 15. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 2. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt 14. gr. þeirra.

#### 16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin hafnarlög fyrir Siglufjarðarkaup-tún, nr. 64 1915.

### Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi af þeim Einari Árnasyni og Bernharð Stefánssyni, en varð ekki lokið á því þingi. -- Með því að málið var þá lagt fram í hv. efri deild og samþykkt þar, er það nú flutt í hv. neðri deild, og er það gert í samráði við fyrrgreinda alþingismenn.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðar, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

#### Um 1. gr.

Nálega árlega missa ríkisverksmiðjurnar bryggjur fyrir fleiri tugi þúsunda, og einstakir menn líka. Er því auðsæ þörf þess, að hafizt verði handa til þess að létta af slíkum óhöppum. Þar sem hafnarsjóður Siglufjarðar vill leggja fram í þessu skyni 400000 kr., er auðsætt, að ríkissjóði ber að styrkja það að  $\frac{1}{3}$ , þar sem ríkissjóður á þarna að gæta hagsmuna, er nema meira en 2 milljóna króna virði og liggja undir árlegri áhættu, enda ríkisvaldið áður talið slíkt sjálfsagt, sbr. fjárlög 1931 og fjárlagafrumvarp 1935.

#### Um 2. gr.

Líkindi eru til, að hafnarsjóður Siglufjarðar geti án ríkisábyrgðar fengið nægilegt lán í þessu skyni, og verður ábyrgðar ríkissjóðs þá ekki leitað, en ákvæðið er sett til þess að vera til taks, ef nauðsyn krefur.

#### Um 3.—9. gr.

Eins og venjuleg ákvæði hafnarlaga.

#### Um 10. gr.

Venjuleg ákvæði. Auk þess er nýtt ákvæði um heimild bæjarstjórnar til þess að hækka vörugjaldið um allt að 100%, er renni í bæjarsjóð. Með ári hverju verður æ auðsærra, að álagning útsvara nægir ekki til þess að fullnægja hinmi vaxandi þörf nauðsynlegra útgjalda. Á þetta sér einkum stað vegna þess, að sumpart hefir nokkur hluti atvinnufyrirtækjanna á Siglufirði lagzt niður eða ekki lengur orðið útsvarsskyldur, sbr. verksmiðju dr. Pauls o. fl., sumpart hefir gjaldþol manna þorrið, en hinsvegar fátækraþyrðin aukizt og þörfin til annara nauðsynlegra útgjalda, gjöld til gagnfræðaskóla, til iþróttamennna og annara menn-

ingarmála, sem bærinn verður að sinna, ef íbúunum á ekki að verða meinað að lifa menningarlífi og lyfta þeim byrðum, er framtíðin leggur þeim á herðar.

Um 11.—16. gr.

Venjuleg ákvæði.“